

Framkvæmdir á Alþingisreit c/o Alþingi

00 205

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Framkvæmdir á Alþingisreit c/o Alþingi
kt. 420169-3889
Kirkjustræti, 150 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjárlagaliðurinn Framkvæmdir á Alþingisreit annast umsjón með þeim framkvæmdum sem ákveðið er að leggja í á og við þinghúsið.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 1 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 10,2 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 71,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 6.236,6 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráskilum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framkvæmdir á Alþingisreit c/o Alþingi í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framkvæmdir á Alþingisreit c/o Alþingi fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Ragna Árnadóttir
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>10.184.172</u>	<u>10.184.172</u>
Tekjur samtals		10.184.172	10.184.172
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	3	2.000	0
Afskriftir	4	<u>10.184.172</u>	<u>10.184.172</u>
Gjöld samtals		10.186.172	10.184.172
Afkoma ársins		<u>(2.000)</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Áhöld, tæki og búnaður		78.927.379	89.111.551
Verk í vinnslu, fasteignir		3.395.237.903	2.645.808.112
Fastafjármunir samtals		<u>3.474.165.282</u>	<u>2.734.919.663</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	2.358.879.060	1.217.057.384
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		7.609	7.609
Handbært fé		403.533.615	733.885.302
Veltufjármunir samtals		<u>2.762.420.284</u>	<u>1.950.950.295</u>
Eignir samtals		<u>6.236.585.566</u>	<u>4.685.869.958</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		71.547.897	71.549.897
Eigið fé samtals		<u>71.547.897</u>	<u>71.549.897</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	15.501.953	4.600.173
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	8	6.149.535.716	4.609.719.888
Skuldir samtals		<u>6.165.037.669</u>	<u>4.614.320.061</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>6.236.585.566</u>	<u>4.685.869.958</u>
Aðrar upplýsingar	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(2.000)	0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	10.184.172	10.184.172
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(10.184.172)	(10.184.172)
		<u>(2.000)</u>	<u>0</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(330.349.687)	591.922.758
		<u>(330.349.687)</u>	<u>591.922.758</u>
		<u>(330.351.687)</u>	<u>591.922.758</u>
		Handbært fé frá rekstri	Handbært fé frá rekstri
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(749.429.791)	(975.467.321)
		<u>(749.429.791)</u>	<u>(975.467.321)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		749.429.791	975.467.321
		<u>749.429.791</u>	<u>975.467.321</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(330.351.687)	591.922.758
		<u>733.885.302</u>	<u>141.962.544</u>
		<u>403.533.615</u>	<u>733.885.302</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Tekjufærsla frestaðra tekna	10.184.172	10.184.172

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(2.000)	0	0	(2.000)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(2.000)	0	0	(2.000)

3 Annar rekstrarkostnaður

Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	2.000	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	2.000	0

4 Afskriftir

Áhöld, tæki og búnaður	10.184.172	10.184.172
	10.184.172	10.184.172

31.12.2022 31.12.2021

5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	78.927.379	89.111.551
	78.927.379	89.111.551
Verk í vinnslu, fasteignir.....	3.395.237.903	2.645.808.112
	3.474.165.282	2.734.919.663

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2022	101.841.766	101.841.766
	101.841.766	101.841.766
Afskriftir 01.01.2022	12.730.215	12.730.215
Afskrift ársins	10.184.172	10.184.172
	22.914.387	22.914.387
Staða 31.12.2022	78.927.379	78.927.379

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	2.358.879.060	1.217.057.384
	<u>2.358.879.060</u>	<u>1.217.057.384</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	15.501.953	4.600.173
	<u>15.501.953</u>	<u>4.600.173</u>

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	71.549.897	71.549.897
Afkoma ársins	(2.000)	0
Jöfnuður 31.12.	<u>71.547.897</u>	<u>71.549.897</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

8 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	3.474.165.282	2.734.919.663
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	2.675.370.434	1.874.800.225
	<u>6.149.535.716</u>	<u>4.609.719.888</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	2.734.919.663	1.874.800.225	4.609.719.888
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.550.000.000	1.550.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu	749.429.791	(749.429.791)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(10.184.172)	0	(10.184.172)
	<u>3.474.165.282</u>	<u>2.675.370.434</u>	<u>6.149.535.716</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 1,5 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

9 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá stofnuninni.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.